

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

gjörir kunnugt:

að hér með staðfestist skipulagsskrá fyrir Framfarasjóð Krabbameinsfélags Íslands sem fest er hér við og vistuð er hjá embættinu í staðfestu ljósriti. Sjóðurinn er númer 1947 á sjóðaskrá sýslumanns.

Sýslumaðurinn á Vestfjörðum, 10. ágúst 2026.

Rehmer Dögg Kristóttir
*Martyna Julia Gaubaj*

Staðfesting á skipulagsskrá fyrir Framfarasjóð Krabbameinsfélags Íslands.

Gjald kr. 14.000,-

Skipulagsskrá

fyrir Framfarasjóð Krabbameinsfélags Íslands

1. gr.

Heiti

Sjóðurinn heitir Framfarasjóður Krabbameinsfélags Íslands og starfar skv. lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá sem og reglugerð nr. 140/2008 um sama efni. Sjóðurinn stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimili og varnarþing

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Markmið

Tilgangur sjóðsins er að bæta þjónustu við fólk með krabbamein og aðstandendur þess, með og eftir krabbamein og efla forvarnir gegn krabbameinum. Sjóðurinn mun styrkja með fjárframlögum ný verkefni sem ætlað er að bæta þjónustu við fólk við greiningu og meðferð krabbameina og að lokinni krabbameinsmeðferð auk nýrra verkefna til forvarna gegn krabbameinum.

4. gr.

Stofnandi og stofnframlag

Stofnandi sjóðsins er Krabbameinsfélag Íslands, kt. 700169-2789, með stofnframlagi að upphæð kr. 75.000.000.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar. Stofnandi hefur engin sérréttindi í sjóðnum. Stofnandi eða tengd aðildarfélög hafa ekki heimild til að sækja um styrki úr sjóðnum.

5. gr.

Stjórn

Stjórn Framfarasjóðs Krabbameinsfélags Íslands skipa þrír einstaklingar tilnefndir til þriggja ára í senn af stjórn Krabbameinsfélags Íslands og tveir til vara. Formaður skal skipaður sérstaklega en aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum. Enginn getur setið í stjórn Framfarasjóðs lengur



en sex ár í senn. Við fyrstu skipun stjórnar skulu tveir stjórnarmanna tilnefndir til þriggja ára, þar á meðal formaður og einn til tveggja ára.

Stjórnarmenn skulu vera lögráða og hafa forræði á búi sínu. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu á hverjum tíma uppfylla lögbundin hæfisskilyrði til setu í stjórn stofnunarinnar. Missi stjórnarmenn, framkvæmdastjóri eða skipaður fjárvörsluaðili hæfi til stjórnarsetu skulu þeir upplýsa sýslumann um það. Stjórnarmenn, framkvæmdastjóri og skipaður fjárvörsluaðili skulu skýra satt og rétt frá högum sjóðsins í opinberum auglýsingum eða tilkynningum, skýrslum, ársreikningi eða tilkynningum til sýslumanns.

Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun fyrir venjuleg stjórnarstörf.

Stjórn sjóðsins mótar stefnu hans og setur úthlutunarreglur þar sem fjallað er um umsóknir, matsferli, kynningar, skil á niðurstöðum og styrki. Jafnframt setur stjórnin sér starfsreglur. Úthlutunarreglur og starfsreglur stjórnar skulu bornar undir stjórn Krabbameinsfélags Íslands til staðfestingar.

Stjórnin ber ábyrgð á því að úthlutun styrkja sé í samræmi við skipulagsskrá þessa. Hún ber ábyrgð á ávöxtun sjóðsfjár og er heimilt að fela viðurkenndum fjárvörsluaðila umsjón með fjármunum sjóðsins. Stofnframlag og aðrar eigur sjóðsins skal ávaxta með tryggilegum hætti.

Stjórnin skal eigi síðar en 1. maí ár hvert skila stjórn Krabbameinsfélags Íslands skýrslu um störf sín á liðnu starfsári, sem birta skal opinberlega.

Stjórnin hefur aðgang að húsnæði og annarri aðstöðu á vegum Krabbameinsfélags Íslands og nýtur aðstoðar starfsmanna þess við störf sín samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjóra félagsins.

6. gr.

Fundarboðun og málsmeðferð

Boða skal stjórnarfundi með tryggilegum hætti. Enga mikilvæga ákvörðun, t.d. samþykkt úthlutunar- og starfsreglna og úthlutun styrkja, má taka fyrir hönd sjóðsins nema stjórnin sé fullskipuð, eftir atvikum með aðkomu varamanna. Stjórnarmaður má ekki taka þátt í meðferð einstaks máls ef það málefni sem fyrir liggur til ákvörðunar skiptir hann verulegu máli fjárhagslega eða siðferðislega. Aðalatriði þess sem fram fer á stjórnarfundum skal færa til bókar.

7. gr.

Tekjur og styrktaraðilar

Tekjur Framfarasjóðs eru styrkir frá Krabbameinsfélagi Íslands, vaxtatekjur af eignum og styrkir frá öðrum aðilum. Starfsemi styrktaraðila skal samræmast gildum og stefnu Krabbameinsfélags Íslands og viðmiðum félagsins um samskipti við styrktaraðila.



8. gr.
Styrkveitingar

Stjórn sjóðsins auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum að minnsta kosti einu sinni á ári og annast styrkveitingar úr sjóðnum að fenginni umsögn fimm manna fagráðs sem kosið er til þriggja ára af stjórn Krabbameinsfélags Íslands. Hlutverk fagráðsins er að leggja mat á gæði umsókna og vera stjórn sjóðsins til ráðgjafar við styrkveitingar skv. úthlutunarreglum, sjá 5. grein.

9. gr.
Varðveisla og ávöxtun eigna

Stjórn sjóðsins skal varðveita eignir hans og leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt, þannig að hann nái að þjóna tilgangi sínum sem best. Stjórn sjóðsins skal setja sjóðnum fjárfestingarstefnu þar sem markmiðum um ávöxtun skal lýst og mörk áhættu skilgreind. Fjárfestingar skulu samræmast gildum og stefnu Krabbameinsfélags Íslands. Stjórn sjóðsins er heimilt að fela fjármálastjóra Krabbameinsfélags Íslands að semja við viðurkenndar fjármálastofnanir um ráðgjöf og eftir atvikum eignastýringu fyrir sjóðinn.

10. gr.
Reikningsárið

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til næstu áramóta.

Bókhald og fjárreiður sjóðsins skulu vera í höndum fjármálastjóra Krabbameinsfélags Íslands sem annast greiðslur úr sjóðnum samkvæmt ákvörðun stjórnar í samráði við formann stjórnar. Ársreikningur skal lagður fram á stjórnarfundi sjóðsins til samþykktar og vera fullgerður og undirritaður eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs. Sjóðurinn skal kjósa endurskoðunarfyrtæki til að yfirfara ársreikning. Ákvæði laga nr. 94/2019 um endurskoðendur og endurskoðun gilda um hæfi og störf endurskoðunarfyrtækja.

Senda skal sýslumanni áritaðan ársreikning fyrir næstliðið ár eigi síðar en 31. ágúst ár hvert ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins hefur verið ráðstafað á því ári.

Um reikningsskil sjóðsins fer eftir því sem segir í lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

11. gr.
Breyting skipulagsskrár, sameining og niðurlagning

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn öðrum sjóði eða leggja hann niður þarf samþykki stjórnar sjóðsins og stjórnar Krabbameinsfélags Íslands. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumanns til staðfestingar. Komi til niðurlagningar sjóðsins, skulu



eignir hans renna til verkefna á sviði krabbameinsforvarna eða þjónustu við fólk með krabbamein.

12. gr.
Staðfesting sýslumanns

Leita skal staðfestingar sýslumanns á skipulagsskrá þessari.

Til staðfestingar á ofangreindu hafa stjórnarmenn í stjórn Krabbameinsfélags Íslands, stofnanda Framfarasjóðs, áritað skjalið með rafrænum hætti í júlí 2026.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.



Undirritunarsíða

Skipulagsskrá Framfarasjóðs til undirritunar
Hlíf Steingrimsdóttir



Undirritað af:
Hlíf Steingrimsdóttir
2207664629
Dags: 01.07.2026
Tími: 16:01:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 318e3c8c-b84c-4a10-9732-95419c939fdf

Skipulagsskrá Framfarasjóðs til undirritunar
Áslaug Kristjánsdóttir



Undirritað af:
Áslaug Kristjánsdóttir
2601773979
Dags: 01.07.2026
Tími: 17:50:26
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 318e3c8c-b84c-4a10-9732-95419c939fdf

Skipulagsskrá Framfarasjóðs til undirritunar
Jóhanna Sigr Kristjánsdóttir



Undirritað af:
Jóhanna Sigr
Kristjánsdóttir
1904743569
Dags: 02.07.2026
Tími: 08:02:38
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 318e3c8c-b84c-4a10-9732-95419c939fdf

Skipulagsskrá Framfarasjóðs til undirritunar
Jóhanna Eyrún Torfadóttir



Undirritað af:
Jóhanna Eyrún Torfadóttir
1807745999
Dags: 02.07.2026
Tími: 09:38:21
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 318e3c8c-b84c-4a10-9732-95419c939fdf

Skipulagsskrá Framfarasjóðs til undirritunar
Pétur Þór Jónasson



Undirritað af:
Pétur Þór Jónasson
0905524739
Dags: 01.07.2026
Tími: 16:15:03
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 318e3c8c-b84c-4a10-9732-95419c939fdf

Skipulagsskrá Framfarasjóðs til undirritunar
Sigurður Hannesson



Undirritað af:
Sigurður Hannesson
2807803329
Dags: 01.07.2026
Tími: 16:34:11
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 318e3c8c-b84c-4a10-9732-95419c939fdf

Skipulagsskrá Framfarasjóðs til undirritunar
Vilhjálmur Egilsson



Undirritað af:
Vilhjálmur Egilsson
1812524219
Dags: 01.07.2026
Tími: 16:39:22
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 318e3c8c-b84c-4a10-9732-95419c939fdf

Datreksgjafi 10 ágúst 2026

Helma Dögg Theodórsdóttir

Martyna Julia Coubaj